# Ársskýrsla 1948.

Skógrækt ríkisins.

Skógarvörðurinn á Vöglum.

# STARFSSKÝRSLA 1948.

## Vaglaskóglendi.

### Skógarhögg:

Á árinu var höggvið:

| | Eldiviður kg. | Efniviður fet-kbm. | Renglur stk. | Staurar stk. | ~~hestb.~~ tonn |
|---|---|---|---|---|---|
| Vaglaskógur | 29.880 | 3.280-12.643 | 1930 | 1300 | 54,2 |
| Þórðarstaðarskógur | 16.500 | | 300 | 240 | 16,5 |
| | 46.380 | 3.280-12.643 | 2230 | 1540 | 68,9 |

Í Vaglaskógi var grisjað mest milli Eyrarflatarlækjar og Brandhúsagrófar. Eftir veturinn var skógurinn víða illa leikinn, og fór mikið verk í að hreinsa og höggva tré sem sligast höfðu og brotnað. Svæði þau sem grisjuð voru að þessu sinni höfðu verið grisjuð tví- og þrívegis áður, enda féll þar nú mikill og góður viður. Þar sem grisjað var fyrir barrplöntum, var nú fellt snöggtum meira en undanfarin ár og annarsstaðar var var líka tekið meira m. a. eftir leiðbeiningum R. Bathens fylkisskógarstjóra, sem taldi að grisjunin hefði á undanförnum árum verið unnin af fullmikilli varfærni víðasthvar í skóginum.

### Kolagerð:

Í Þórðarstaðaskógi var gert til kola eins og síðastliðin ár.

### Girðingar:

Girðingum skógræktarinnar var haldið við líkt og undanfarin ár. Mikil snjóalög um veturinn skemmdu til muna Þórðastaðagirðinguna, sérstaklega í hlíðunum.

Ný girðing var sett upp á Sandhaugum í Bárðardal og er hún um 6.5 km. á lengd. Hún er sexþætt gaddavírsgirðing með járnstólpum og birkirenglum. Hornstólpar steyptir niður. Hún liggur upp frá bænum til fjalls, síðan norður eftir dalbrúninnni að merkjum Hlíðarenda og Sandhauga þar niður á móana og þaðan suður og heim að bænum, neðanvert við hlíðina. Flatarmál þessa svæðis mun vera um 250 ha. mestallt skógi vaxið og víða myndarlegum skógi. Heim undir bænum er nýgræðingur í allri hlíðinni, sem mjög hefir tognað úr á síðustu árum.

### Græðireiturinn:

Plöntur afhentar vorið 1948.

| | | |
|---|---|---|
| Birki 2/2 | 101.467 | |
| Birki 3/0 | 8.400 | 109.867 |
| Reynir 2/2 | | 768 |
| Gulvíðir 2/0 | | 990 |
| Þingvíðir 2/0 | | 316 |
| Greni | | 1.000 |
| Ribs | | 74 |
| Sólber | | 16 |
| | | 113.031 |
| Græðlingar gulvíðir | | 2.200 |

**Á árinu var sáð:**

| | | |
|---|---|---|
| 18 kg | birkifræ (Bæjarst.sk.) í | 270 $m^2$ |
| | sitkagrenifræ | 60 - |
| | Skógarfura (frá Noregi) | 30 - |

**Dreifsett var:**

| | | |
|---|---|---|
| Birki 2/0 | 23.300 | |
| Reynir 2/0 | 30.000 | |
| Fura 2/0 | 20.000 | |
| Gulvíðir 2/0 | 23.000 | |
| Ribs | 100 | 96.400 |

Reiturinn var stækkaður um rúma 2 þúsund fermetra.

**Plöntur til sölu næsta ár.**

| | | |
|---|---|---|
| Birki úrval | 525 | |
| Birki 1. fl. | 11.000 | |
| Birki 2. fl. | 55.000 | |
| Birki 3. fl. | 16.000 | 82.525. |

**Gróðursett rauðgreni:**

| | |
|---|---|
| Sunnan Eyrarflatarlækjar ofan við neðribr. | 8.800 stk. |
| Auk þess sent í Selland og að | 1.000 stk. |
| Höfða í Mývatnssveit. | 200 stk. |
| Alls | 10.000 plöntur. |

Ekið var 180 tonnum af mó í gróðrarstöðina

Vegagerð 800 metrar 4 m breiður

Sáð 18 kg birkifræ í 270 $m^2$

sitkagreni 60 $m^2$

3 - fura Troms 30 $m^2$

Seldar plöntur

| | |
|---|---|
| Birki | 112.837 |
| Gulvíðir | 3.190 |
| Reynir | 678 |
| Greni | 1.200 |
| Þingv. | 311 |
| Sólber | 16 |
| Ribs | 84 |